Ed. **554. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefir verið í vörslum háttv. Nd. síðan í þingbyrjun og kom loks til 1. umr. í háttv. Ed. þann 1. þ. m.

Nefndin hefir nú athugað frumvarpið og borið það saman við endurskoðaðan landsreikning fyrir nefnd ár. Hefir hún ekkert fundið athugavert við það reikningslega, og leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 4. maí 1923.

Guðm. Ólafsson, form. og framsögum. Karl Einarsson, ritari. Sigurður H. Kvaran.

Björn Kristjánsson. Sigurður Jónsson.